

L Ö G

15

26. febr.

um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1943.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnunum er heimilt að innheimta hjá hverjum útsvarsgjaldanda í umdæmum sínum allt að 50% af upphæð þeirri, er hann greiddi í útsvar fyrir árið 1942, til greiðslu upp í útsvar hans 1943, með gjalddögum 1. marz til 1. maí, eftir nánari reglum, er bæjar- og sveitarstjórnirnar setja, er ráðherra staðfestir.

Nú eru hreinar tekjur gjaldanda lægri árið 1942, samkvæmt skattaframtali, en þær voru árið 1941, og getur hann þá krafizt hlutfallslegrar lækkunar á útsvarsgreiðslum samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir þó aðeins, ef tekjurýrnunin hefur numið 30% eða þar fram yfir.

2. gr.

Ef útsvar er ekki greitt á réttum gjalddögum samkvæmt reglum þeim, er settar verða samkv. 1. gr., skal gjaldþegn greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, unz útsvarið er greitt.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, er álagningu útsvars 1943 er lokið, að gjaldþegn hefur þegar greitt meira en honum bar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlu viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.